

Sláturfélag Suðurlands svf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

Janúar - júní 2010

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík
kt. 600269-2089

Sláturfélag Suðurlands svf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

Janúar - júní 2010

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-17

Könnunaráritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda Sláturfélags Suðurlands svf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning samstæðu Sláturfélag Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2010. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutauppgjör, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag 30. júní 2010 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34.

Kópavogur, 27. ágúst 2010

Deloitte hf.

Halldór Arason,
endurskoðandi

Jón Freyr Magnússon,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2010 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, sem fjallar um árshlutauppgjör. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykjarðs hf. sem Sláturfélag Suðurlands svf. á að fullu. Fjárhæðir í árshlutareikningnum eru í þús.kr.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samstæðunnar á tímabilinu janúar - júní 2010 193 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar í júnílok 2010 5.892 millj.kr., bókfært eigið fé í júnílok er 1.573 millj.kr. og eiginfjárhlutfall samstæðunnar er 26,7%.

Að álit stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í júnílok 2010, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu janúar - júní 2010. Einnig að árshlutareikningurinn geymi yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. hafa í dag rætt árshlutareikning samstæðu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2010 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2010

Stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson,
formaður

Sigurlaug Jónsdóttir,
varaformaður

Aðalsteinn Guðmundsson

Guðmundur Davíðsson

Kristinn Jónsson

Forstjóri

Steinþór Skúlason

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu janúar janúar - júní 2010

	Skýr.	2010 jan.-júní	2009 jan.-júní	2009 jan.-des.
Rekstrartekjur	3	4.065.822	3.684.410	7.120.441
Aðrar tekjur		21.680	23.260	35.121
Vöru- og umbúðanotkun		(2.397.462)	(2.176.135)	(3.938.964)
Laun og tengd gjöld	4	(757.809)	(713.805)	(1.570.015)
Annar rekstrarkostnaður		(592.398)	(543.003)	(1.256.514)
Afskriftir	9	(135.892)	(153.366)	(279.136)
Rekstrarhagnaður		203.941	121.361	110.933
Fjármunatekjur	5	39.657	55.815	106.096
Fjármagnsgjöld	6	(52.706)	(243.587)	155.618
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	11	2.168	20.632	6.440
Hagnaður (tap) fyrir skatta		193.060	(45.779)	379.087
Tekjuskattur	7	0	0	32.693
Hagnaður (tap) tímabilsins		193.060	(45.779)	411.780
Yfirit yfir heildarafkomu				
Hagnaður (tap) tímabilsins	7	193.060	(45.779)	411.780
Tekjuskattur vegna endurmats		0	0	(32.693)
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins		193.060	(45.779)	379.087
Hagnaður (tap) á hlut				
Hagnaður (tap) á hverja krónu útistandandi stofnsjóða	8	0,44	(0,11)	0,94

Efnahagsreikningur 30. júní 2010

Eignir	Skýr.	30.06.2010	30.06.2009	31.12.2009
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	9/10	3.576.582	3.712.017	3.648.210
Eignarhlutar í félögum	11/12	86.845	108.206	101.644
Skuldabréfacign	13	20.512	20.910	19.187
		<u>3.683.939</u>	<u>3.841.133</u>	<u>3.769.041</u>
Veltufjármunir				
Vörubirgðir	14	1.056.916	1.136.682	1.439.877
Skuldabréfacign		3.997	7.663	5.106
Viðskiptakröfur	15	1.070.989	1.071.041	810.033
Aðrar skammtímakröfur	15	71.737	87.552	87.621
Handbært fé	15	4.355	32.121	27.036
		<u>2.207.994</u>	<u>2.335.059</u>	<u>2.369.673</u>
Eignir		<u>5.891.933</u>	<u>6.176.192</u>	<u>6.138.714</u>
Eigið fé og skuldir				
	Skýr.	30.06.2010	30.06.2009	31.12.2009
Eigið fé				
Stofnsjóður A-deild	16	254.503	255.685	257.320
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	16	180.074	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		97.164	97.164	97.164
Sérstakur endurmatsreikningur		877.202	943.309	893.609
Annað eigið fé (ójafnað tap)		5.351	(678.676)	(204.115)
Eigið fé		<u>1.573.405</u>	<u>956.667</u>	<u>1.383.163</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Langtímaskuldir	17	2.876.718	3.822.050	2.963.761
Eftirlaunaskuldbinding	19	28.100	31.400	28.100
		<u>2.904.818</u>	<u>3.853.450</u>	<u>2.991.861</u>
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	20	148.456	512.293	560.597
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	20	708.969	629.473	615.819
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	556.285	224.309	587.274
		<u>1.413.710</u>	<u>1.366.075</u>	<u>1.763.690</u>
Skuldir		<u>4.318.528</u>	<u>5.219.525</u>	<u>4.755.551</u>
Eigið fé og skuldir		<u>5.891.933</u>	<u>6.176.192</u>	<u>6.138.714</u>

Yfirlit yfir breytingar á eigin fé

Eigið fé

	Stofnsjóður	Stofnsjóður	Yfirverðs-	Lögbundinn	Sérstakur	Annað eig. fé	Samtals eigið fé
	A- deild	B- deild	reikningur	varasjóður	endurmatr.	(ójafnað tap)	
Eigið fé 01.01.2009	259.142	180.074	159.111	97.164	960.317	(649.925)	1.005.883
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	1.985					20	2.005
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(5.442)						(5.442)
Sérstakt endurmat fasteigna					(17.008)	17.008	0
Tap tímabilsins jan. - júní 2009						(45.779)	(45.779)
Eigið fé 30.06.2009	255.685	180.074	159.111	97.164	943.309	(678.676)	956.667
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	5.440					(5)	5.435
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(3.805)						(3.805)
Sérstakt endurmat millifært					(17.007)	17.007	0
Hagn.tímabilsins júlí - des. 2009					(32.693)	457.559	424.866
Eigið fé 31.12.2009	257.320	180.074	159.111	97.164	893.609	(204.115)	1.383.163
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	1.904						1.904
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(4.722)						(4.722)
Sérstakt endurmat millifært					(16.407)	16.407	0
Hagn.tímabilsins jan. - júní 2009						193.060	193.060
Eigið fé 30.06.2010	254.502	180.074	159.111	97.164	877.202	5.352	1.573.405

Yfirlit um sjóðstreymi janúar - júní 2010

	Skýr.	2010 jan.-júní	2009 jan.-júní	2009 jan.-des.
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður tímabilsins		203.941	121.361	110.933
Afskriftir	10	135.892	153.365	279.136
Sölu(hagnaður) tap fastafjármuna		(561)	37	(2.252)
Eftirlaunaskuldbinding, breyting		0	0	(3.300)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		339.272	274.763	384.517
Vörubirgðir, lækkun		382.961	359.370	56.175
Viðskiptakr. og aðrar kröfur, (hækkun)		(245.071)	(340.647)	(31.547)
Viðskiptask. og aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		93.150	(64.806)	(120.432)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		570.312	228.680	288.713
Innborgaðir vextir og arður		37.834	55.072	104.676
Greiddir vextir		(121.096)	(114.902)	(208.693)
Greiddir skattar		0	0	0
Handbært fé frá rekstri		487.050	168.850	184.696
Fjárfestingahreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	10	(64.403)	(64.162)	(131.724)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		700	3.053	10.939
Breyting á eignarhlutum í félögum		3.300	0	1.000
Arður frá hlutdeildarfélögum	11	14.969	7.989	7.990
Skuldabréfaeign, breyting		306	(152)	4.895
		(45.128)	(53.272)	(106.900)
Fjármögnunarhreyfingar				
Skammtíbankalán, (lækkun) hækkun		(390.108)	(32.048)	7.527
Nýjar langtímaskuldir		0	0	475.000
Afborganir langtímaskulda		(71.678)	(73.006)	(556.515)
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	16	(2.817)	(3.438)	(1.807)
		(464.603)	(108.492)	(75.795)
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		(22.681)	7.086	2.001
Handbært fé í upphafi tímabilsins		27.036	25.035	25.035
Handbært fé í lok tímabils		4.355	32.121	27.036

Skýringar

1. Starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og kjarnfóðurs.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

2. Reikningskilaaðferðir

Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningskilastaðla

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34 sem fjallar um árshlutareikninga. Árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009. Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2009 má finna á heimasíðu félagsins www.ss.is.

Grundvöllur reikningskilanna

Við gerð samstæðureikningsins, þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld tímabilsins. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum íslenskra króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskyldu að veltufjáreignir eru færðar á gangvirði. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins árið 2009. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum félagsins.

Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til árshlutareiknings móðurfélagsins og árshlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Dótturfélag Sláturfélags Suðurlands svf. er Reykjarður hf. sem m.a. rekur kjúklingasláturhús og kjötvinnslu á Hellu. Eignarhluti Sláturfélagsins í Reykjarði hf. er 100%.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í árshlutareikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningskilaaðferðir samstæðunnar.

Skýringar

Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunartöku um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð þá eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði og að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnun einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfærð hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðum er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notað vaxtaþrósentu sem samsvarar vaxta meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eign fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda. Viðskiptavild var færð að fullu út úr reikningsskilum Sláturfélags Suðurlands á árinu 2008 og er því ekki eignfærð viðskiptavild hjá félaginu.

Ahættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er ekki með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga, en félagið er með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði vaxtaskiptasamninga eru færðar á rekstrarreikning. Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru metnar m.v. áætlaða virðisrýrnun.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum. Tekjur eru skráðar þegar eftirfarandi þættir hafa átt sér stað. Áhætta og ávinningur af eignarrétti vörunnar flyst til kaupanda og eignarréttur færist til kaupanda, þegar unnt er að meta fjárhæð tekna með áreiðanlegum hætti og þegar félagið hefur haft hagrænan ávinning af viðskiptunum. Þegar kostnaður sem tengist viðskiptunum liggur fyrir eða hægt að meta hann með áreiðanlegum hætti.

Þóknarir eru færðar á rekstrargrunni í samræmi við gerða samninga þegar hægt er að meta efnahagslegan ávinning og fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Þóknarir af samningum um framleiðslu eða sölu eru tekjufærðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga. Þóknarir af þjónustusamningum sem ná yfir lengri tíma eru tekjufærðar línulega á samningstímanum.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan lífítíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og ávinningur af eignarréttindum sé framseldur leigutaka. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á nýtingartíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Skýringar

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til nema að gengismunur sem tengist kostnaði vegna framkvæmda á eignum sem ætlaðar eru til framtíðarnota er heimilt að færa á viðkomandi eign að því marki sem lítið er á eignfærsluna sem aðlögun að sambærilegum fjármagnskostnaði á markaði. Ennig á það við gengismun í viðskiptum sem gerð eru í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu og gengismun vegna krafna eða skulda við erlend félög sem líklegt er að innheimtist ekki.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningskiladegi.

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar því hún er ekki skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ef talið er að viðsnúningurinn muni ekki verða í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningskiladegi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningskiladegi og er endurmatíð fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatíð endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatíð fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi fer samstæðan yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð, er virði eignar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkanin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

Verðbréf

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem er ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphafsskráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirtælinir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna sölu á fastafármunum og er það ætlun samstæðunnar að eiga bréfin fram til lokagjalddaga verðbréfanna.

Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði og framleiðsluverði eða hreinu söliverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnað vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á á þeirri virðisrýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekns atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

Starfsþáttayfirlit

Rekstri samstæðunnar er ekki skipt niður á starfsþætti þar sem reksturinn er allur innan eins starfsþáttar. Starfsemi samstæðunnar felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Hins vegar er hér að neðan birt yfirlit yfir tekjur samstæðunnar eftir landsvæðisskiptingu, en þar má sjá að langmestar tekjur samstæðunnar eru vegna sölu innanlands.

3. Sala

	2010	2009
	jan. - júní	jan. - júní
Sala félagsins greinist þannig eftir mörkuðum:		
Sala innanlands	3.792.201	3.487.080
Sala erlendis	273.621	197.330
	<u>4.065.822</u>	<u>3.684.410</u>

4. Launamál

	2010	2009
	jan. - júní	jan. - júní
Laun	598.619	575.221
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	159.190	138.584
	<u>757.809</u>	<u>713.805</u>

5. Fjármunatekjur

	2010	2009
	jan. - júní	jan. - júní
Vaxtatekjur	37.129	54.624
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign	1.094	653
Arður og söluhagnaður af hlutabréfaeign	1.434	538
	<u>39.657</u>	<u>55.815</u>

6. Fjármagnsgjöld

	2010	2009
	jan. - júní	jan. - júní
Vaxtagjöld	(21.220)	(48.726)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(91.479)	(119.212)
Gengismunur	59.993	(75.649)
	<u>(52.706)</u>	<u>(243.587)</u>

Skýringar

7. Skattamál

Ekki er gjaldfærður tekjuskattur á rekstrartímabilinu þar sem samstæðan er með yfirfaranlegt skattalegt rekstrartap umfram skattalegan hagnað tímabilsins.

Í ársuppgjöri 2009 var tekjufærð í rekstrarreikning breyting vegna hækkunar á tekjuskattshlutfalli í 15% í 18% að fjárhæð 33 millj.kr.

8. Hagnaður (tap) á hlut

Hagnaður (tap) á hverja krónu útistandandi stofnsjóða er reiknaður miðað við stöðu A-deildar og B-deildar stofnsjóða, að frádregnum eigin bréfum Sláturfélagsins í B-deildinni, í upphafi og lok rekstrartímabils. Stofnsjóðirnir eru lagðir saman og þannig fengin út meðalstaða þeirra og er síðan meðalstöðu stofnsjóða deilt upp í afkomu viðkomandi rekstrartímabils. Hagnaður á hlut á tímabilinu janúar - júní 2010 er 0,44, en á sama tímabili á á árinu 2009 var tap á hlut 0,11. Útreikningur á þynntum hlut á ekki við þar sem ekki er um slíkt að ræða.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	4.437.159	2.530.748	200.542	7.168.449
Eignfært á árinu	7.391	49.569	7.444	64.404
Selt og aflagt á tímabilinu	0	0	(450)	(450)
Staða í júnílok	4.444.550	2.580.317	207.536	7.232.403
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	1.602.752	1.834.769	82.718	3.520.239
Afskrift ársins	63.197	59.460	13.235	135.892
Selt og aflagt á tímabilinu	0	0	(310)	(310)
Staða í júnílok	1.665.949	1.894.229	95.643	3.655.821
Bókfært verð				
Bókfært verð í júnílok 2009	2.888.494	684.872	138.651	3.712.017
Bókfært verð í árlök 2009	2.834.407	695.979	117.824	3.648.210
Bókfært verð í júnílok 2010	2.778.601	686.088	111.893	3.576.582
Afskriftarhlutföll	0-4%	6-20%	12-20%	

10. Varanlegir rekstrarfjármunir, opinber mót og veð

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í ársbyrjun 2010 greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	1.956.574	5.859.344
Vélar og tæki, eignatryggingar		3.457.699
Rekstrarstöðvunartrygging		2.026.139

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að efirstöðvum 1.163 millj.kr. í júnílok 2010. Bókfært verð þeirra eigna sem eru með veði og skuldbindingar eru um 1.582 millj.kr.

Skýringar

11. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Reykjagarður hf, Reykjavík	100,00%	92.857	Sala á kjúklingum
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Holt & Gott ehf., Reykjavík	50,00%	8.000	Sala á salati
Ísfugl ehf., Mosfellsbær	30,00%	4.982	Sala á kjúklingum
Förgun ehf., Selfossi	38,40%	15.744	Förgun á úrgangi
Birtill ehf., Reykjavík (engin starfsemi)	100,00%	10.000	Innflutningur

Hagnaður af félögum sem tekin eru sem hlutdeildarfélög nam 2,2 millj.kr. á rekstrartímabilinu. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 15,0 millj.kr. á tímabilinu janúar - júní 2010. Hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu í félaginu Förgun ehf. er ekki færð þar sem eignarhlutur í því félagi hefur verið færður niður í reikningsskilum samstæðunnar. Eignarhlutar í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði að teknu tilliti til mats á virði þeirra.

12. Eignarhlutar í félögum

	30.06.2010	31.12.2009
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	76.436	89.235
Eignarhlutar í öðrum félögum	10.409	12.409
	<u>86.845</u>	<u>101.644</u>

13. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign:

	30.06.2010	31.12.2009
Staða í ársbyrjun	24.227	27.581
Ný bréf á tímabilinu	2.132	900
Innborganir á tímabilinu	(2.438)	(5.795)
Verðbætur	490	1.541
Staða í lok tímabilsins	<u>24.411</u>	<u>24.227</u>
Næsta árs afborgun	<u>(3.899)</u>	<u>(5.040)</u>
	<u>20.512</u>	<u>19.187</u>

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

	30.06.2010	31.12.2009
Verðtryggð bréf	21.747	19.244
Óverðtryggð bréf	2.664	4.983
Staða í lok tímabilsins	<u>24.411</u>	<u>24.227</u>

Skýringar

14. Vörubirgðir

	30.06.2010	31.12.2009
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur	563.981	1.030.735
Rekstrarvörur	130.478	116.565
Ýmsar birgðir	362.457	292.577
	<u>1.056.916</u>	<u>1.439.877</u>
Tryggingaverðmæti birgða	1.056.916	1.439.877

Arion banki hf. er með veð í hluta af birgðum samstæðunnar að fjárhæð 218 millj.kr.

15. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.06.2010	31.12.2009
Innlendar viðskiptakröfur	1.118.945	854.589
Áætluð virðisrýrnun krafna	(47.956)	(44.556)
	<u>1.070.989</u>	<u>810.033</u>

Arion banki hf. er með veð í hluta af viðskiptakröfum samstæðunnar að fjárhæð 167 millj.kr.

Aðrar skammtímakröfur

	30.06.2010	31.12.2009
Fyrirframgreiddur kostnaður	15.276	19.771
Virðisaukaskattur	24.586	50.832
Aðrar kröfur	31.875	17.018
	<u>71.737</u>	<u>87.621</u>

Handbært fé

	30.06.2010	31.12.2009
Sjóður og bankainnstæður	4.355	27.036
	<u>4.355</u>	<u>27.036</u>

16. Eigið fé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta A- deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B- deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Í A- deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundradshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Félagsmenn hafa heimild til að taka út A- deild stofnsjóðs m.a. þegar þeir hætta búskap og við 70 ára aldur. Á aðalfundi félagsins 2010 var samþykkt að reikna ekki vexti á stofnsjóð A-deildar eða að greiða arð vegna stofnsjóðs B-deildar.

Stofnsjóður A-deild greinist þannig:	30.06.2010	31.12.2009
Stofnsjóður í ársbyrjun	257.320	259.142
Stofnsjóðsgreiðslur	(2.817)	(1.822)
	<u>254.503</u>	<u>257.320</u>
Stofnsjóður B-deild greinist þannig:	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	100,00%	200.000
Eigin hlutir í árslok	-9,96%	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>

Skýringar

17. Langtímaskuldir

Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	30.06.2010	31.12.2009
Skuldir í CHF	784.863	815.800
Skuldir í EUR	673.843	782.490
Skuldir í JPY	752.018	716.203
Skuldir í USD	342.613	340.590
Skuldir í CAD	68.389	67.814
Skuldir í myntkörfu	33.843	48.238
	<u>2.655.569</u>	<u>2.771.135</u>
Verðtryggt lán í ÍSK	724.928	726.891
Óverðtryggt lán í ÍSK	52.506	53.009
	<u>3.433.003</u>	<u>3.551.035</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(556.285)	(587.274)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins	<u>2.876.718</u>	<u>2.963.761</u>

Langtímaskuldir greinast þannig:

	30.06.2010	31.12.2009
Skuldir við lánastofnanir	3.369.135	3.469.888
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga	36.349	51.247
Skuldir við aðra	27.519	29.900
	<u>3.433.003</u>	<u>3.551.035</u>

Sölugengi erlendra gjaldmiðla	31.12.2008	30.06.2009	31.12.2009	30.06.2010
Evra (EUR)	170,44	179,91	180,38	157,19
Bandaríkjadalur (USD)	121,16	127,31	125,20	127,92
Kanadískir dollarar (CAD)	99,41	110,51	120,35	121,94
Japanskt jen (JPY)	1,34	1,33	1,36	1,44
Svissneskur franki (CHP)	114,24	117,95	121,60	118,48
Vísitala neysluverðs	327,90	339,80	356,20	365,30

18. Frestaður skattur

	30.06.2010	31.12.2009
Staða í ársbyrjun	0	0
Tekjuskattskuldbinding vegna sérstaks endurmats fasteigna í 18% úr 15%	0	32.693
Reiknaður tekjuskattur vegna rekstrartímabila	0	(32.693)
Tekjuskattur til greiðslu	<u>0</u>	<u>0</u>
Staða í lok tímabils	<u>0</u>	<u>0</u>

19. Eftirlaunaskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 28,1 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu þá er metið að greiðslur á henni nái allt til ársins 2019.

Skýringar

20. Aðrar peningalegar skuldir

Skuldir við lánastofnanir

	30.06.2010	31.12.2009
Skammtímaskuldir við banka	106.084	496.193
Áfallnir vextir langtímalána	42.372	64.404
	<u>148.456</u>	<u>560.597</u>

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	30.06.2010	31.12.2009
Viðskiptaskuldir	373.724	469.499
Ýmsar skuldir	335.245	146.320
	<u>708.969</u>	<u>615.819</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06.2010	31.12.2009
Skuldir við lánastofnanir	521.017	547.784
Fjármögnunarleigusamningar	30.319	34.400
Aðrar langtímaskuldir	4.949	5.090
	<u>556.285</u>	<u>587.274</u>

21. Viðskipti tengdra aðila

	Eigna- hlutföll	Seldar vörur og þjónusta jan. - júní 2010	Keyptar vörur og þjónusta jan. - júní 2010
Hollt & Gott ehf., Reykjavík	50,00%	35.248	7.272
Förgun ehf., Selfoss	38,40%	0	18.928
Ísfugl ehf., Mosfellsbær	30,00%	9.101	2.180

22. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Rekstrarleigusamningarnir eru vegna bifreiða og er leigutíminn til 2 - 4 ára og er leigan gjaldfærð mánaðarlega í rekstrarreikningi. Eftirstöðvar samningana í júnílok 2010 nema 11,7 millj.kr. og koma um 10,6 millj.kr. til greiðslu á næsta ári.

Arion banki hf. er með að handveði 32,5 millj.kr. hlutabréfeign í Reykjarðri hf. Einnig er Arion banki með veð í öllum eignum Reykjarðs hf. vegna skulda þess félags við bankann.

Sláturfélag Suðurlands svf. hefur verið í viðræðum við Arion banka hf., viðskiptabanka sinn, vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar og er þeim viðræðum ekki lokið. Viðræðurnar felast meðal annars í endurfjármögnun á bankalánum félagsins og jafnari árlegum afborgunum á þeim lánum.

23. Samþykki árs hlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 27. ágúst 2010.